Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1969

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðhera – Bréf – Eiríkur Benedikz – Ketill Ingólfsson – Richard Glogovsky – Steinar Guðmundsson – Pétur Eggerz – Admiral McGeogh – Vice Marshall Hughes – Christian Mohr – Rauði Krossinn

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-36, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

B. —

Norges Ambassadør

og fru Christian Mohr

gir seg den ære å innby

Statsminister og fru Bjarni Benediktsson

til middag

den torsdag 13.november kl. 19.30

Fjelugata 15

Smoking

~~S. U.~~ P.M.
Telf. 13 065

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Skammstafanir:*
D = Hraðskeyti.
RPx = svar borgað.
(í stað x kemur orðafjöldinn).
TMx = margar utanáskriftir.
(í stað x kemur fjöldi utanáskrifta.)
Post = póstgjald borgað.
TC = samanborið (til tryggingar).
MP = afhenda viðtakanda sjálfum.
FS = á að eftirsenda.
PC = viðtökuskírteini óskast.
XP = útsending borguð.
Fyrir hraðskeyti er tvöfalt gjald.

# LANDSSÍMI ÍSLANDS

**Símskeyti**

Nr. orð þann 23/9 1969 kl.

Gjöld:

Sent til
kl.
af

Athugasemdir:

HJÁLPIÐ HINUM SJÚKU!
*Sendið vegna yðar samúðarskeyti*
*Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands!*

Eiríkur Benedikz,
Icembassy,
London

F. —

Valgerður Bjarnadóttir hætt við námsvist Manschester.
Bréf á leiðinni.

Forsætisráðuneytið

Nafn, heimili og símanúmer sendanda skal ætíð skrifa hér greinilega.

S-25000

Ebl. 2 – 568650000=6500 blk.

Gutenberg.

Forsætis-
ráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskeyti.

Pétur Benediktz,
Icembassy
London

Valgerður Bjarnadóttir hlaut
við námsvist Manchester. Bréf á
~~Fylgir~~. leiðinni.

Forsætisráðuneytið

Forsætis-
ráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F. —

5429 KINGS HIGHWAY
BROOKLYN NEW YORK 11203
THE UNITED STATES OF AMERICA
8 DECEMBER 1969

TO: H.E. PRIME MINISTER BJARNI BENEDIKTSSON
OFFICE OF THE PRIME MINISTER
REYKJAVIK, ICELAND

Gentlemen:

May it please Your Excellency to know that I am an American citizen residing in the State of New York. I am a student of the subject, Political Science. My studies afford me many opportunities to acquaint myself with the diversities of international politics and the personalities pertaining thereto.

I wish to take this opportunity to Your Excellency, the people of your country, and to their government, my best wishes for a very prosperous and peaceful year ahead.

Each year brings a closer understanding and cooperation between our two countries which march together in their aims for world peace and prosperity.

In conjunction with my academic studies, I have a collection of autographed photographs of Heads of States. Therefore, would Your Excellency oblige me an autographed photograph of your personage. If this small favor is acknowledged, I would be most appreciative.

With all best wishes and my highest personal regards, I remain.

Sincerely,

Richard Glogovsky

Richard Glogovsky

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F.

Sennilega hefur aldrei neinn maður verið vinsælli né meira virtur í Reykjavík en Matthías Einarsson læknir, einkum á fyrstu árunum eftir inflúensu-faraldurinn mikla haustið 1918. Víst er ofsögum sagt, að almenningur hafi haft tröllatrú á starfsþreki og lækningamætti Matthíasar. Það var ekki vandalaust að vaxa upp sem einkasonur slíks manns í bæ þar sem allir þekktu alla. En Matthías yngri var þeim vanda vaxinn. Eðli hans og skaphöfn voru slík, að hann ~~skapaði~~ vann sér hvarvetna vinsældir ~~[illegible]~~ vegna eigin verðleika á meðal samaldra og félaga. ↑

Þó skorti ~~[illegible]~~ hann hvorki til að hæfileikar hans nytu sín til fulls, en hinu stóð hann með meðfæddum þokka, sem entist honum til óvenjulegrar mannhylli.

~~[Matthías Matthíasson var ekki sérlegur námsmaður eftir heilsuveill sem höfðu hans]~~ Hugur Matthíasar Matthíassonar mun hafa staðið til þess að verða læknir eins og faðir hans. Af því varð ekki, og taldi ýmsir læknismenntunin það veraldlegt tjón. Mannkosti Matthíasar fengu engu að

síðan notið sín. Hann varð mjög farsæll í starfi og vel metinn alla ævi. ~~af öllum, sem honum kyntust.~~

Náinn kunningsskapur okkar stóð einungis skamma hríð, á meðan við vorum samtímis í skóla. Síðan lágu leiðir í misvíxl, eins og verða vill um þá, sem mörgu hafa að sinna. En þótt nú ~~sé~~ liðin nærri hálf öld frá því, að við sátum saman á skólabekk, þá hefi ég kynnst ~~fá~~ ~~á lífsleiðinni~~ fáum mönnum ~~betur~~ geðfelldari en Matthíasi Matthíassyni.

3/12 '69.

F

Adm. Hadden og frú bjóða forsætisráðherra og frú til kvöldverðar í Officers' Club á Keflavíkurflugvelli, laugardaginn 13. des. kl. $19^{00}$.

Smoking.

(Svar óskast í síma ~~[illegible]~~)

Svarað játandi 4/12 '69.

Kort verður sent.

Forsætis-
ráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

'Sent Tómasi Helgasyni 7/12 '69

F.

Steinar Guðmundsson,
Bólstaðarhlíð 32, R.

Reykjavík, 26. nov., 1969.

Hr. Bjarni Benediktsson,
forsætisráðherra,
Háuhlíð 14, Reykjavík.

Ég bið yður að afsaka framhleypnina, en aðstæður knýja mig til að leita persónulega til yðar þegar aðrir bregðast.

Málefnið er ofdrykkjuvarnir líðandi stundar, en algjörlega virðist útilokað að vekja áhuga nokkurra opinberra aðila á hinni knýjandi þörf á að málum þessum sé sinnt í alvöru.

Af Ríkisins hálfu á Kleppur að sinna ofdrykkjuvörnunum, en kemst ekki yfir það vegna anna. Til málamynda er Flókadeildin samt rekin, án þess að reynt sé að samhæfa það starf þörfinni. Starfið á Flókadeild rennur því meira og minna út í sandinn. Reykjavíkurborg hefir afhent Félagsmálaráði framkvæmdavald í þessum málum, en Félagsmálaráð hefir hvorki áhuga ´a að kynna sér þarfir í ofdrykkjuvörnum né leiðir til að mæta hugsanlegum þörfum. Þótt mér sé persónulega meinað að ávarpa Félagsmálaráð og þótt einstakir nefndarmenn svari ekki bréfum mínum, þá þykist ég hafa skýlausar sannanir fyrir því, að Ráðið kæri sig ekki um að reyna að gera sér ljóst hvílíkt alvörumál hér er á ferðinni.

Benda má á, að s.l. 5-8 ár hefir hjólið snúizt öfugt hér á landi hvað ofdrykkjuvarnir snertir. Bláa-bandið gerði mjög mikið gagn á sínum tíma, en sinnir nú aðeins einangruðu vinnuhæli uppi í Víðinesi og kemur það starfandi mönnum í hinu virka þjóðfélagi og heimilum þeirra ekki að notum. Af hálfu hins opinbera er ekkert gert til að styðja við bakið á þeim leikmannahópum sem eru að reyna að bjarga einhverju. Opinberir embættismenn eru ekki einir um þetta, því hvar sem borið er niður, er eins og orðið alkoholismi komi mönnum til að hlaupa í felur.

Svolítill hópur manna stofnaði félag (ÁMÍ) í fyrra, en nú horfir svo, að það lognist út af vegna aðstöðuleysis. En félagið er samt búið að gera mikið gagn á þessu eina ári, þótt ekki væri talið annað en það, að ásóknin inn í A.A.-samtökin hefir a.m.k. þrefaldast á þessum stutta tíma. Vandræði einstaklinga og heimila eru svo gífurleg, að skráð "neyðartilfelli" voru fljótlega komin á annað hundrað eftir opnun Leiðbeiningastöðvarinnar í Skipholti 35, þeirrar Stöðvar sem nú verður að leggja niður. Það er ekki til neins að nefna dæmi, því ekki er hægt að ætlast til að nokkur trúi því sem er að gerast. Svo ofboðslegt er ástandið. En trúnaðarmaður hins opinbera fengi auðvitað aðgang að skýrslum okkar --sem þó ætíð hljóta að verða að skoðast sem trúnaðarmál.

Þá er ég kominn að erindinu, hr. forsætisráðherra. Reynslan sannar (bæði hér og erlendis), að allt jákvætt starf við ofdrykkju-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varnir má heita óframkvæmanlegt án aðstöðu til amk. 2-3 daga afvötnunar drukkinna manna, því afvötnunin er upphaf hinna raunverulegu aðgerða til lausnar vandræðunum. Þessa tiltölulega fyrirferðalitlu aðstöðu virðist með öllu ómögulegt að knýja fram. En sannanlegt er, að sjúkrahúsin verða iðulega að taka við þessu sama fólki síðar og þá oft til langdvalar vegna ýmiskonar blæðinga, slysa eða sjálfsmorðstilrauna. Atvinnuvegirnir missa svo góða og langþjálfaða starfskrafta langt um aldur fram, en heimilin fyrirvinnuna.

Það er því bón mín, hr. forsætisráðherra, að þér hlutizt til um, að einhver kanni tafarlaust hvort þörfin á "afvötnunar"-aðstöðu vegna drukkinna manna í atvinnuvegunum sé slík, að hinu opinbera beri að sinna henni.

Með þessu væri heimilum hjálpað um leið og grundvöllur væri lagður aðsamstarfi heimilislækna og leikmannahópa, en þetta samstarf vantar algjörlega. Hjúkrunarstöðin er tengiliður lækna og leikmanna í ofdrykkjuvörnum.

Hvað sjálfan mig snertir, þá hefi ég meira og minna sinnt ofdrykkjuvörnum s.l. 13 ár og stöðugt reynt að auka þekkingu mína. Í haust sótti ég ráðstefnu 15 þjóða í Glasgow og áður sótti ég námskeið um þessi mál (fyrsta sinnar tegundar sem haldið er í Evrópu) við háskólann í Birmingham, en Yale og Rutgers háskólarnir vestra sáu um allan undirbúning. Mér stendur til boða ómæld aðstoð þeirra er stjórna ofdrykkjuvörnum í atvinnuvegunum í Bandaríkjunum, og hefi náið samstarf við ofdrykkjuvarnir á Írlandi (Dublin), Englandiog Skotlandi. Ofdrykkjuvarnir á Norðurlöndunum (sérstaklega í Noregi) byggjast meir á lögþvingunum og hafa þær reynzt illa, enda eru þeir farnir að leita til brezku landanna að fyrirmynd frjálsari aðgerða. Skipulag ofdrykkjuvarna í Edinborg er mjög fullkomið, en þó bæði einfalt og mannlegt og í svo föstum skorðum að unun er að. Reynsla þeirra er okkur föl, og tel ég illa farið ef við berum ekki gæfu til að þiggja.

Enginn kostnaðarauki þarf að fylgja endurskipulagningu ofdrykkjuvarna okkar. Aðeins samvinna og vilji til endurbóta.

Ég bið yður svo aftur afsökunar á ónæðinu, en í bili hefi ég gefizt upp á rökfærzlunum og reyni því bænaleiðina (en sókn mín að félags- og heilbrigðisyfirvöldum hefir staðið sleitulaust síðan 8. ágúst 1965 -eða í rúm fjögur ár) og þótt hér sé ekki um pólitískt mál að ræða sneri ég mér auðv. til þeirra er ég bezt hefi treyst í þjóðmálunum og sendi heilbrigðismálaráðherra fyrsta bónarbréfið (dags. 13. nov. sl.), borgarstjóra annað (dags. 19. nov. sl.) og yður nú það þriðja, þótt tilhlýðilegra hefði etv. verið að hinkra enn um stund áður en sjálfur forsætisráðherrann yrði ónáðaður með kvabbi um afskipti af sjálfsögðum embættisverkum annarra.

Með beztu kveðjum,

og Virðingarfyllst,

Steinar Guðmundsson

Steinar Guðmundsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KETILL INGÓLFSSON
DR. PHIL. DIPL. PHYS.
Huttenstrasse 55,
CH 8006 Schweiz .

F.

Zürich, þann 12. júlí 1968

Hæstvirti forsætisráðherra,

Fyrir hálfu öðru ári leyfði ég mér að skrifa yður bréf um hagi mína og fyrirætlanir. Þar sem þér hafið sýnt mér persónulega og fagi mínu sérstakan áhuga og velvild, vil ég nú skýra yður frá næsta skrefi á braut minni.

Starfi mínu við háskólann hér í Zürich lýkur í sumar. Frá 1. sept. hef ég verið kjörinn prófessor í stærðfræðilegri eðlisfræði við ríkisháskólann í Arizona í Bandaríkjunum. Hér er um mjög stóran skóla að ræða, sem býður upp á sérstaklega lokkandi rannsóknaráætlun.

Það er ætlun mín að fara til Bandaríkjanna sem áfanga á leið minni til Íslands. Nú hef ég fengið mjög tælandi tilboð frá rannsóknarstofnun U.S.A. í geimvísindum í Tullahoma. Er um að ræða prófessorsstöðu við ríkisháskólann í Tennessee með mjög lítilli kennsluskyldu, en aðalstarfið eru ráðgjafastörf fyrir geimrannsóknirnar. Ég hafði einu sinni ásett mér að forðast rannsóknarefni, sem hernaðargildi hafa. Hins vegar er viljinn veikur, þegar háum launum er lofað.

Ég vil nú biðja yður að athuga það, hvort möguleiki væri á prófessorsstöðu á Íslandi eftir tvö ár. Væri mér mikill styrkur í því að vita það næstu mánuði vegna þessa tilboðs og annarra. Ég bið yður að misskilja ekki svo orð mín, að ég vilji vegna þessara amerísku tilboða heimta meiri laun á Íslandi en þar er talið eðlilegt.

Ég þakka yður fyrir áhuga yðar og velvilja.

Yðar einlægur

Ketill Ingólfsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F.-

# Frásögn.

Pétur Eggerz uppl., að Admiral McGoech og Air Vice Marshall komi til viðtals við utanríkisrh. þriðjud. 24. júní kl. 11.45.

Þurfi forsætisrh. því ekki að taka á móti þessum mönnum, nema hann óski þess sérstaklega.

16/6 '69.

P.E. skýrt frá að forsætisrh. telji eðlilegt, að utanríkisrh. ræði við mennina 18/6 69.

Forsætis-
ráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F.

**F R Á S Ö G N**

Brezka sendiráðið hringdi hingað í dag og talaði við mig. Skýrði mér frá því að Admiral McGeoch og Air Vice Marshall Hughes kæmu hingað hinn 23. júní og mundu fara aftur 26. júní.

Er tilgangurinn með komu þeirra að heilsa upp á aðmírálinn á Keflavíkurflugvelli, brezka sendiráðið og einhvern úr íslenzku ríkisstjórninni.

Fór brezka utanríkisráðuneytið þess á leit, að Admiral McGeoch og Air Vice Marshall Hughes fengju að tala annað hvort við utanríkisráðherra eða forsætisráðherra. Stakk brezka sendiráðið upp á því að ef þetta væri hægt, þá kl. 11:45 að morgni hins 24. júní, sem er þriðjudagur.

Brezka sendiráðið væri mjög þakklátt ef unnt væri að fá svar, annað hvort í dag eða á morgun.

Reykjavík, 11. júní 1969.

Pétur Eggerz.

11 45

Sjálfsagt að utanrrh. tali við mennina

BBen

„Pétur Eggerz upplýsir: „Utanríkisráðherra fellst á að tala við mennina, en er reiðubúinn að draga sig í hlé, ef forsætisráðherra vill veita þeim viðtal“.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sent viðskiptam. og sjávarútvegsm. 12/6 '68

external ryk
ritsiminn ryk
nr2
nr 2

lra059 ffc962 x-ntr109
icrk bu
on144 oslo 77 12 1041

etat priorite
external reykjavik

40/53 rikisradsfundi amorgun verdur lagt til 2000 tonn
skreidar verdi gefin kirkens noedhjelp til radstoefunar gegnum
rauda krossinn fyrir nigeriu ekki framtekid fyrir biafra
en mun tho thangad fara stop kirkjan borgar kostnad
sendingar stop norska rikid hafdi keypt 7000 tonn
tharaf foru 3000 til world food

col oslo etatpriorite external reykjavik 40/53
2000 7000 3000

page 2

program og radgert var ad afgangurinn faeri til
ridurmoelnura dyrafodurs en nu ny vidhorf
vegna nigeriu stop adur var upplyst thessi radstoefun
kaemi ekki til greina
isambassade

col isambassade

external ryk
ritsiminn ryk

Utanríkisráðuneytið
Db. 47.F.31 dags. 12/6 '68

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F. –

Hr.

Sparisjóðsstjóri

Hörður Þórðarson,

Öldugötu 34, Rvík.

Innilegar hamingju-

óskir á sextugsafmælinu.

Sigríður og Bjarni Benediktsson.

Afh 15-30 11/12 '69.

[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur